

## KONUNGLEG AUGLÝSING

63  
25. nóv.

um

að ríkisstjórn skuli falin á hendur ríkisarfa í fjarvist konungs.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Ísland og Danmerkur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi. Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Þaræð Vjer höfum í hyggju að ferðast til útlanda,  
viljum Vjer samkvæmt 1. gr. laga 11. febrúar 1871, um ríkisstjórn þegar  
ar svo stendur á, að konungur er ekki orðinn fulltíða, eða er sjúkur eða  
fjarverandi, sbr. 3. gr. dansk-íslenskra sambandslaga, að ríkisstjórn í  
fjarvist Vorri sje falin á hendur ríkisarfanum.

Því birtum Vjer hjermeð Vorum kærú og trúú þegnum, að sonur Vor  
elskulegur, hans konunglega tign krónprins Christian Frederik Franz Michael  
Carl Valdemar Georg, tekur við ríkisstjórn í Voru nafni frá þessum degi  
þangað til Vjer komum heim aftur.

*Gefið á Amaliuborg, 25. nóvember 1925.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.  
(L. S.)

---

*Jón Magnússon.*